


# BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,  
ritari

Alþingi  
Erindi nr. P 149/620  
komudagur 2.12.2011

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2011  
EBI/hó

**Efni. Tillaga til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, á 140. löggjafarþingi, þskj. 244 - 238. mál**  
Tilv. 2011110016

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. nóvember 2011.

Ein af forsendum stofnunar þjóðgarðs hlýtur að vera að hafa samráð við sveitarfélög og landeigendur á svæðinu. Þá hlýtur ákvörðunin sem slík að vera á höndum sveitarstjórnar og íbúa sveitarfélaganna. Bændasamtökin hvetja til þess að hugmyndir um þjóðgarða verði ekki ræddar nema að höfðu samráði við heimamenn. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram, að gert sé ráð fyrir, að búrekstur á svæðinu geti allur haldið áfram við stofnun þjóðgarðs. Þá geti hefðbundin hlunnindanýting, s.s. fuglatekja og æðarrækt haldið áfram.

Þetta er mjög mikilvægt og algjör forsenda. Bændasamtökin leggja áherslu á að búseta með fjölbreyttri atvinnustarfsemi geti dafnað í þeim sveitum sem þjóðgarðurinn myndi ná til. Í greinargerðinni kemur líka fram að talið sé að stofnun þjóðgarðs við norðanverðan Breiðafjörð muni styrkja atvinnustarfsemi og byggð í nágrenni hans. Að því sögðu er mikilvægt, komi til stofnunar þjóðgarðsins, að stjórnskipulag þjóðgarðsins verði þannig uppbyggt, og starfsemi í honum þannig háttáð, að heimamenn á hverjum stað njóti sem mest af fraksturs. Það er ófrávikjanlegt skilyrði að möguleg stofnun þjóðgarðs á þessu svæði hafi ekki takmarkandi áhrif á búskap á svæðinu og að ekki verði gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt landeigenda.

Bændasamtökin leggja þunga áherslu á, að sem mest samráð verði haft við bændur, landeigendur og félag bænda í hugsanlegu undirbúningsferli fyrir stofnun þessa þjóðgarðs.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson

lögfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 140/504  
komudagur 29.11.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2011

**Umsögn vegna Tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, þingskjal 244 - 238. mál.**

Ég vil þakka Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fyrir að fá að gera athugasemdir við þessa þingsályktunartillögu.

Ég hef engar athugasemdir við þessa tillögu og er því mjög fylgjandi þetta svæði verði gert að þjóðgarði. Í tillögunni eru ágætar lýsingar á náttúrufari á svæðinu milli Þorskafjarðar og Vatnsfjarðar, minnst er á hvað einkennir svæðið, hvaða sjaldgæfar plöntur og fuglategundir eru á svæðinu, hvaða birkiskóga þarf að vernda (s.s. Teigsskóg) og minnst er á jarðfræði svæðisins. Það mætti bæta við að við austurmörk þessa sjást merki um gamlar eldstöðvar (t.d. hin sérstæðu Vaðalfjöll).

Þetta svæði hefur verið vinsælt útivistarsvæði og er ferðamennska vaxandi. Ég hef orðið var við að það er að verða æ vinsælla hjá kæjarræðurum og gönguferðir um Teigsskóg og Hallsteinsnes (þar sem ég þekki nokkuð til) hafa t.d. stóraukist á síðustu 4-5 árum.

Ég tel semsagt að þetta svæði henti einstaklega vel sem þjóðgarður. Þarna eru sérstæðir firðir og nes og sérstök náttúra. Að því liggja Breiðafjörður að sunnan og friðlandið í Vatnsfirði að vestan. Það er því ástæða til þess að fagna því að þessi tillaga hefur komið fram á Alþingi, hver sem endanleg flokkun þjóðgarðsins yrði.

Virðingarfyllt



Gunnlaugur Pétursson

Blesugróf 24

108 Reykjavík

Hjörleifur Guttormsson  
 Vatnsstíg 21 (1101)  
 101 Reykjavík  
 Netfang: [hjorleifur@eldhorn.is](mailto:hjorleifur@eldhorn.is)

30. nóvember 2011

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 140/564***  
***komudagur 1.11.2011***

Nefndasvið Alþingis  
 Austurstræti 8-10  
 150 Reykjavík.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál á 140 löggjafarþingi.**

Ég þakka umhverfisnefnd fyrir að gefa mér kost á að veita umsögn um ofangreinda tillögu um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan.

Tillaga þessi er athyglisverð þar eð hún beinir sjónum að fögru og fjölbreyttu landsvæði við norðanverðan Breiðafjörð sem ástæða er til að vernda og nýta í þágu almennings í góðu samstarfi við landeigendur og aðra rétthafa á svæðinu.

Í greinargerð eru réttilega dregnir fram margvíslegri kostir þessa svæðis, m.a. til styrktar ferðaþjónustu. Æskilegt hefði hins vegar verið að jafnframt væri varpað ljósi á eignarhald á svæðinu, m.a. skiptingu bújarða og eyðibýla í eignaeign og ríkiseign, þannig að auðveldara sé að meta grundvöll fyrir stofnun þjóðgarðs eða annars konar vernd. Þótt lög um náttúruvernd heimili stofnun þjóðgarðs að hluta til á landi í einkaeign er eðlilegt að gera ráð fyrir að meirihluti landsvæðis undir þjóðgarð sé í almannaeygu.

Í greinargerð segja flutningsmenn m.a.:

„Núverandi atvinnurekstur á svæðinu er einkum búrekstur á um tug býla, og getur allur haldið áfram við stofnun þjóðgarðs með sérstökum samningum við bændur. Hefðbundin nýting lands og sjávar eykur gildi þjóðgarðsins fyrir ferðafólk, og þjóðgarðsstofnun gæti styrkt þar hefðbundinn búrekstur ...“ Hætt er við að slík sambúð geti í reynd orðið erfið innan þjóðgarðs og skynsamlegra gæti verið að fella verndarskipulag á svæðinu undir aðra skilgreiningu en þjóðgarð skv. náttúruverndarlögum. Í því sambandi leyfi ég mér að nefna

- hugsanlega útfærslu á lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 sem verði látin ná til umrædds landsvæðis við fjörðinn norðanverðan, en ný verndaráætlun er sögð í vinnslu (Hvítbók um náttúruvernd 2011, s. 219);
- stofnun sérstaks landslagsverndarsvæðis (landskapsvernområde), m.a. að norski fyrirmynd, sbr. Hvítbók um náttúruvernd (Umhverfisráðuneytið 2011, s. 222–223).


Í lok greinargerðar með tillögunni er vísað til flokkunar Alþjóða-náttúruverndarsamtakanna IUCN og bent á að umrætt svæði við norðanverðan Breiðafjörð gæti flokkast undir þjóðgarð í flokki IA eða þá í flokk IV. Þetta fær vart staðist, sbr. m.a. rit IUCN Guidelines for Applying Protected Area Management Categories, ritstjóri Nigel Dudley (2008). Almenn er meginhluti þjóðgarða í flokki II hjá IUCN. Fljótt á litið virðist mér eðlilegast að horfa til flokka V (verndarsvæði á landi eða í sjó) eða VI (verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda) í sambandi við norðanverðan Breiðafjörð. Ný friðlýsingarákvæði í breyttum lögum um náttúruvernd, svo sem um landslagsverndarsvæði, gætu hugsanlega einnig hentað fyrir verndun á náttúru Breiðafjarðar og nágrennis.

Ástæða er til að fagna áhuga flutningsmanna um verndun umrædds svæðis og eðlilegt væri að fela umhverfisráðherra í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög, landeigendur, náttúruverndarsamtök og Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða svo og aðila í ferðaþjónustu að kanna æskilega tilhögun á verndaráætlun fyrir umrætt svæði.

Virðingarfyllt

Hjörleifur Guttormsson  
náttúrufræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 140/367  
komudagur 18.11.2011



LANDMÆLINGAR  
ÍSLANDS

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Akranesi 18.11.2011  
Tilvísun: V201111066


**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál**

Við er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 17. nóvember 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð.

Landmælingar Íslands gera ekki athugasemdir við þingsályktunina.

Besta kveðjur

Magnús Guðmundsson  
forstjóri



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík - Iceland  
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is  
Sími/Tel: +354 515 90 00  
Fax: +354 515 90 07

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/392*  
*komudagur 23.11.2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21.11.2011  
Tilvísun vor: 98.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan

Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun fjallað um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, þingskjal 244 - 238. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011 - 2012, og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson  
forstjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/566*  
*komudagur 1.12.2011*

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík



## Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs við Breiðafjörð norðanverðan

Stjórn Landverndar lýsir yfir stuðningi við þingsályktunartillögu um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan (238. mál á 140. löggjafarþingi). Góður rökstuðningur er fyrir stofnun þjóðgarðs í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Landvernd sér ástæðu til að vekja sérstaka athygli á nokkrum atriðum sem tengjast stofnun þjóðgarðs við Breiðafjörð norðanverðan og stjórn samtakanna telur að taka beri tillit til.

1. Fjöldi og stærð þjóðgarða í heiminum hefur aukist á undanförunum árum í takt við vaxandi áhuga og þörf fyrir verndun náttúruminja og efnahagslegs mikilvægis þjóðgarða, ekki síst fyrir ferðapjónustu. Frá 1992 hefur flatarmál verndaðra svæða í heiminum aukist árlega um 2,5%<sup>1</sup>. Um 12% af þurrlandisyrfirborði jarðar nýtur einhverskonar verndar, en það vekur athygli að einungis um 0,5% af úthöfunum og 5,9% af sjónum innan haflögsögu ríkja (e. territorial seas; miðað við 12 sjómílur) njóta verndar<sup>2</sup>. Afar fá svæði í sjó á Íslandi njóta verndar. Verndun Breiðafjarðar með sérlögum nr. 54/1995 tekur til allra eyja, hólma og skerja í Breiðafirði, ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Stjórn Landverndar hvetur til þess að verði þingsályktunartillagan samþykkt, þá fari fram athugun á kostum þess að hluti verndarsvæðisins í Breiðafirði verði hluti af þjóðgarði við norðanverðan Breiðafjörð.
2. Stjórn Landverndar lýsir sérstakri ánægju með að tillaga að þjóðgarðinum felur í sér verndun Teigsskógs.
3. Í ljósi framkominnar þingsályktunartillögu vill stjórn Landverndar benda á að í drögum að samgönguáætlun 2011-2022 er rætt um mögulega þverun allt að fimm fjarða á Barðaströnd. Allir falla þeir undir vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995. Stjórn Landverndar gagnrýndi þennan hluta framkvæmdaáætlunar samgöngustefnunnar sérstaklega í umsögn um umhverfismat að samgönguáætlunni, þann 4. nóvember sl<sup>3</sup>. Í umhverfismatsskýrslu um drög að samgönguáætlun segir<sup>4</sup> (bls. 38-39): „Þveranir fjarða kunna að hafa áhrif á strauma, ölduhæð og vatnsskipti í fjörðum, sem geta stuðlað að breytingum á lífríki á strandsvæðum og í sjó. Með því að tryggja full vatnsskipti má takmarka áhrif þverunar á sjávarföll“. Ekki er rætt frekar um hver endurnýjunartími vatnsskipta er. Í ljósi niðurstaðna rannsókna Agnars Ingólfssonar<sup>5</sup> á þverun Gilsfjarðar verður að gera ráð fyrir að áhrif af þverunum geti orðið umtalsvert meiri en að þveranir „geti stuðlað að breytingum á lífríki“. Agnar sýndi fram á að ekki gengu allar spár um umhverfisáhrif eftir. T.d. hvarf þaragróður og tilheyrandi smádyralíf innan við þverunina og einnig á stórum svæðum utan hennar. Þá breyttust fæðusvæði rauðbrystings (*Calidris canutus*) og æðarfugls (*Somateria mollissima*) á ófyrirséðan hátt. Á

sama tíma og Landvernd skilur nauðsyn þess að bæta vegsamgöngur á þessu tiltekna landsvæði, þá mótmæla samtökin stórfelldum breytingum með þverunum fjarða inni á friðlýstu svæði sem hafa veruleg og óafturkræf áhrif á landslag, ásýnd fjarðanna, lífríki og gildi Breiðafjarðar sem einstaks náttúrusvæðis.

4. Stjórn Landverndar telur mikilvægt að við undirbúning að stofnun Breiðafjarðarþjóðgarðs sé litið til þess að verndarákvæði taki mið að viðmiðum Alþjóðanáttúruverndarsamtakana (IUCN) um þjóðgarða og önnur verndarsvæði líkt og fordæmi eru fyrir í Vatnajökulsþjóðgarði. Öll útfærsla þjóðgarðsmarka og verndarákvæða ætti að fara í víðtækt samráðsferli, í sem bestu samstarfi við hluteigandi rétthafa, þar með talin frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar og útivistar.

Reykjavík, 30. nóvember 2011

F.h. stjórnar Landverndar

---

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
framkvæmdastjóri Landverndar

## Heimildir

---

<sup>1</sup> Rands o.fl. 2010. Biodiversity Conservation: Challenges Beyond 2010. *Science*, 329: 1298-1303.

<sup>2</sup> Rands o.fl. 2010. Biodiversity Conservation: Challenges Beyond 2010. *Science*, 329: 1298-1303.

<sup>3</sup> Landvernd 2011. Umsögn um umhverfismat tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun 2011-2022. Landvernd, 4. nóvember 2011, 4. bls.

<sup>4</sup> Mannvit og VSÓ-Ráðgjöf. 2011. Umhverfismat tillögu að samgönguáætlun 2011-2022. Umhverfisskýrsla, unnið fyrir samgönguráð, 95 bls.

<sup>5</sup> Agnar Ingólfsson. 2007. The near closure of a lagoon in western Iceland: how accurate were predictions of impacts on environment and biota? *Journal of Coastal Conservation*, 11, 75-90.



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/540*  
*komudagur 29.11.2011*

Stykkishólmi, 29. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál**

Þann 17. nóvember sl. barst Náttúrustofu Vesturlands til umsagnar þingsályktunartillaga um þjóðgarð við norðanverðan Breiðafjörð, mál nr. 238.

Tillagan er allrar athygli verð, enda er svæðið sem um ræðir sérstætt á margan hátt. Þar eru sjáanleg áhrif mannsins takmörkuð og gróðurfar ríkulegt með þéttum birkiskógum, víði og reyni. Að auki er válistategundin haförn algengari þar en víðast hvar annars staðar. Vegna vegaframkvæmda undanfarinna ára og fyrirhugaðra framkvæmda hefur náttúra svæðisins verið rannsökuð talsvert á síðustu árum en undirrituðum er þó ekki kunnugt um fræðilega úttekt á náttúrufari alls svæðisins frá Þorskafirði vestur í Vatnsfjörð.

Vegna framangreinds og þeirra raka sem sett eru fram í greinargerð með áður nefndri þingsályktunartillögu getur undirritaður tekið undir grunnhugmyndina um stofnun þjóðgarðs við norðanverðan Breiðafjörð. Hins vegar er ástæða til að gera nokkrar athugasemdir við tillöguna:

#### **Heildarsýn vantar í náttúruverndarmálum**

Í dag eru málefni landsvæða á vegum ríkisins vistuð hjá ýmsum stofnunum og ráðuneytum. Þar á meðal eru þjóðgarðar vistaðir hjá þremur mismunandi stofnunum. Flestir sjá að það fyrirkomulag gengur ekki og hefur fregnast að unnið sé að undirbúningi þess að breyta stjórnslunni þannig að stjórnun og umsýsla friðlanda, þjóðgarða og þjóðskóga verði sameinuð, sem væri heppilegt fyrir stjórnsluna og hagkvæmt að auki. Í nýlegri grein í Fréttablaðinu lagði Snorri Baldursson til að ganga enn lengra og vista einnig málefni þjóðlendna og ríkisjarða hjá þeirri stofnun, sem hljómar skynsamlega til að nýta fjármuni og þekkingu enn betur.

Helsta faglega greiningin/forgangsroðunin sem farið hefur fram á mikilvægi verndarsvæða var í tengslum við undirbúning náttúruverndaráætlunar. Þá völdu Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun á faglegan hátt svæði sem talin voru ákjósanleg til verndunar. Þrátt fyrir annmarka greiningarinnar, einkum vegna takmarkaðrar skráningar á náttúru landsins, er slík greining nauðsynlegur undanfari stefnumótunar í verndun lands til að hægt sé að bera saman mismunandi landnotkunarkosti svæða, þ. á m. verndun. Undirritaður telur mikilvægt að framgangi fyrirbyggjandi náttúruverndaráætlunar 2009-2013 verði flýtt en hægt hefur gengið að ná markmiðum hennar. Við næstu endurskoðun áætlunarinnar mætti skoða hvort svæðið við norðanverðan Breiðafjörð sé talið uppfylla þau faglegu skilyrði sem sett eru fyrir því að bæta svæðum inn í áætlunina.

#### **Samráð vantar við heimamenn**

Af viðbrögðum heimamanna við norðanverðan Breiðafjörð má ráða að áður nefnd þingsályktunartillaga virðist hafa verið sett fram án teljandi samráðs við fólk á því svæði. Slík vinnubrögð eru ekki líkleg til að vinna hugmyndinni fylgi en nauðsynlegt er að verkefnið njóti velvildar heima fyrir eigi hún að ná fram að ganga.

### **Sambættingu vantar**


Skoða þarf stefnu í náttúruvernd fyrir nærliggjandi svæði í samhengi við þjóðgarðshugmynd í Barðastrandasýslum. Í gildi eru lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar en verndarsvæðið liggur að umræddu landsvæði og nær yfir fjörur og eyjar á innanverðum Breiðafirði. Þar að auki er hafin vinna að undirbúningi þjóðgarðs við Látrabjarg og Rauðasand og hér gæti verið tilvalið tækifæri að sameina hugmyndir þannig að innan nýs þjóðgarðs við Látrabjarg og Rauðasand yrði líka landsvæðið frá Stálfjalli að Þorskafirði, því undarlegt væri að undanskilja einungis svæðið frá Stálfjalli að Vatnsfirði. Ef vernda ætti allt þetta svæði væri eðlilegt og hagkvæmt að gera það undir einni stjórn.

Hugsa þarf í samhengi, og með mögulegt samstarf í huga, fyrirkomulag, stjórnun og tengsl núverandi og framtíðar verndarsvæði við Breiðafjörð, þ.e.a.s. Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, verndarsvæðis Breiðafjarðar, mögulegs þjóðgarðs í Barðastrandasýslum, fyrirhugaðs þjóðgarðs við Látrabjarg og Rauðasand og verndarstefnu á landsvísu.

Vakin er athygli á nýlegri greiningu starfshóps umhverfisráðherra á reynslunni af lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar ([www.nsv.is/skyrslur/uttekt\\_log\\_um\\_vernd\\_Breidafjardar\\_des\\_2010.pdf](http://www.nsv.is/skyrslur/uttekt_log_um_vernd_Breidafjardar_des_2010.pdf)), sem rétt er að hafa til hliðsjónar við ákvarðanatöku um verndun annarra svæða í landshlutanum. Þar segir m.a. á bls. 7 að starfshópurinn telji „að gera þurfi verulegar breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar eigi þau að ná markmiðum sínum. Á þetta bæði við um efnisþætti náttúru- og menningarminjaverndar sem og um stjórnun svæðisins.“

Að endingu er áréttað að undirritaður setur sig ekki gegn þeirri hugmynd að vernda svæðið frá Þorskafirði í Vatnsfjörð, enda er náttúrufar svæðisins að mörgu leyti sérstakt og gæti sómt sér vel á meðal verndarsvæða landsins. Hér hafa engu að síður verið gerðar nokkrar athugasemdir við framsetningu málsins og ítrekuð þörf á faglegum vinnubrögðum í forgangsröðun svæða til verndunar. Auk þess er eindregið lagt til að fyrirliggjandi náttúruverndaráætlun og aðferðafræði hennar verði höfð að leiðarljósi þegar vernda á ákveðin landssvæði.

Virðingarfyllst,



---

Róbert A. Stefánsson, líffræðingur  
og forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands



Náttúrustofa Vesturlands

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi. [www.nsv.is](http://www.nsv.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 140/680  
komudagur 7.12.2011

Alþingi  
Skrifstofa Alþingis  
Nefndarsvið  
150 Reykjavík



01. desember 2011

1112003 IBE

s. 1/1

### 238. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Sveitarstjórn hefur tekið til afgreiðslu og umsagnar mál 238, tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan. Erindi frá Nefndarsviði Alþingis frá 17. nóvember 2011. Erindið var tekið fyrir í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps og gerir sveitarstjórn umsögn nefndarinnar að sinni. Umsögn er svohljóðandi;

**Sveitarstjórn lýsir furðu sinni á því að aðilar komi fram með frumvarp til verndunar svæða án samráðs við sveitarstjórn og íbúa þess. Ákvörðun um verndun svæða á að vera ákvörðun sveitarstjórnar, íbúa sveitarfélagsins og þeirra fagaðila sem þau hafa leitað til. Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum. Samkvæmt nýsamþykktu Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 -2018 er ekki gert ráð fyrir þjóðgarði á umræddu svæði.**

Það tilkynnist hér með

Með kvæði

REYKHÓLAHREPPUR  
Ingibjörg B. Erlingsdóttir  
sveitarstjóri

SVEITARSTJÓRI  
sveitarstjori@reykholar.is



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

1

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/441*  
*komudagur 25.11.2011*

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

25. nóvember 2011

**Umsögn um tillögu til þingsál. um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál**

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfisráðherra að undirbúa stofnun þjóðgarðs við norðanverðan Breiðafjörð.

Samorka minnir á að Íslendingar standa nú þegar mjög framarlega, ef svo má segja, á sviði náttúruverndar. Að minnsta kosti hefur mun stærra hlutfall landsvæðis verið verndað hér en á hinum Norðurlöndunum.<sup>1</sup> Að mati Samorku eru því ekki sérstök rök fyrir að ráðist verði í stofnun umrædds þjóðgarðs með tilheyrandi kostnaði.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri

---

<sup>1</sup> Nú þegar hafa yfir 19% af flatarmáli Íslands verið friðlýst og hefur Ísland gengið lengst Norðurlandanna í þessum efnum (tæp 15% í Noregi, tæp 11% í Svíþjóð, 9% í Finnlandi og tæp 5% í Danmörku). Raunar má hækka þessa tölu fyrir Ísland í tæp 32% ef talin eru með svæði á náttúruminjasrá og í 40% ef með eru talin áhrif náttúruverndaráætlunar 2009-2013 (skv. tölum frá Umhverfisstofnun).

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/437*  
*komudagur 25.11.2011*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál**

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að tillaga þessi nái fram að ganga. Því er ágætlega lýst í greinargerð með tillögunni hvornig ferðamannastraumur til þessa svæðis hefur verið að aukast undanfarin ár þá einkum að frumkvæði heimamanna.

Ekki virðast nein náttúruvyrirbrigði í hættu vegna ferðamanna né annarrar uppbyggingar sem hefur átt sér stað á svæðinu.

Mikilvægt er að sem fyrst verði ráðist í samgöngubætur á svæðinu þannig að íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum búi við sambærilegar aðstæður og aðrir íbúar landsins.

Í lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999) kemur fram að við stofnun þjóðgarðs fylgi ráðning þjóðgarðsvarðar, lagðar eru kvaðir á umgengni almennings auk þess fylgir sú almenna stefnumörkun að allt land innan þjóðgarðsins skuli vera í eign ríkisins og takmarkanir eru lagðar á landnotkun.

Vilji ríkisvaldið efla byggð á þessu svæði virðast ýmis tækifæri gefast til þess með almennum stuðningi, aðstoð við uppbyggingu og ekki síst samgöngubótum sem ættu að vera ofar í forgangs röðinni en umrædd stofnun þjóðgarðs.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/612**  
**komudagur 2.12.2011**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóvember 2011

**Efni: Þingsályktunartillaga um stofnun þjóðgarðs við Breiðafjörð norðanverðan, mál 238**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreindar tillögur til umsagnar og gera eftirfarandi athugasemdir.

Samtök ferðaþjónustunnar fagna almennt hugmyndum um stofnun þjóðgarða á svæðum sem nauðsynlegt er að vernda en íslensk náttúra og ósnortin víðerni hennar eru þeir grunnþættir sem draga 80% erlendra ferðamanna til Íslands og mikilvægið er ekki minna þegar kemur að ferðum Íslendinga sjálfra og hlut útivistar í lífsgæðum okkar. Það verður þó að benda á að það er ekki nægilegt að stofna þjóðgarð. Það þurfa að fylgja þeim fjármunir til uppbyggingar og skipulagningar, það er til dæmis nauðsynlegt að góð aðstaða sé sköpuð fyrir fyrirtækin til að fara með ferðamenn um þjóðgarða. Það þarf jafnt að vernda náttúruna í þjóðgördum svo og gera fólki kleift að njóta þeirra svo vel sé. Það er því trúlega betra að ljúka uppbyggingu þeirra þjóðgarða sem hafa nú þegar verið stofnaðir áður en bætt verður við.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 140/526  
komudagur 30.11.2011



Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Egilsstöðum, 28. 11. 2011

**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál.**

Náttúruverndaráætlun er tilraun til að forgangsraða aðgerðum í náttúruvernd með faglegu mati á verndargildi og verndarþörf svæða. Lagt er til að tillaga um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan verði metin í því ferli og komist þannig e.t.v. á næstu náttúruverndaráætlun.

Á umræddu svæði eru góð skilyrði til skógræktar og tvær jarðir í nytjaskógrækt skv. samningi við Skjólskóga á Vestfjörðum. Verði stofnað til þjóðgarðs á svæðinu þarf að taka tillit til þeirrar eðlilegu landnýtingar.

f.h. Skógræktar ríkisins

  
Þróstur Eysteinnsson  
Sviðsstjóri þjóðskóganna



Alþingi  
Erindi nr. P 140/610  
komudagur 1.12.2011

## Táknafjörður

Miðtúni 1, 460 Táknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Táknafirði, 1. desember 2011  
1111065 EIS

### Efni: Umsögn um þingsályktun um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan 238.mál

Á 434.fundi Hreppsnefndar Táknafjarðarhrepps þann 23.nóvember 2011 var tekið fyrir erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er varðar beiðni um umsögn um 238.mál tillaga til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan og var eftirfarandi bókað :

*„Hreppnefnd Táknafjarðarhrepps tekur undir bókun bæjarráðs Vesturbyggðar á 602. fundi, sem haldinn var 29. mars 2011 og mótmælir yfirgangi einstakra þingmanna gagnvart sjálffræðisrétti og skipulagsvaldi sveitarfélaga og slík framkoma gengur þvert á vilja stjórnvalda á sveitarstjórnarstigi sem og hjá framkvæmdavaldi að stunda samráð á öllum stigum. Samþykkt samhljóða.“*

Vísað er til bókunar sveitarfélagsins Vesturbyggðar á 602.fundi þess þann 29.mars 2011.

„Bæjarráð Vesturbyggðar lýsir undrun sinni á framkominni þingsályktunartillögu frá Róberti Marshall og Merði Árnasyni um stofnun þjóðgarðs við norðanverðan Breiðafjörð á svæðinu á milli Þorskafjarðar og Vatnsfjarðar og því að ekki sé haft samráð við íbúa svæðisins og hagsmunaaðila um svo afdrifaríka tillögu sem hafa mun áhrif á svæðið allt. Að öðru leyti tekur bæjarráð Vesturbyggðar undir ályktun sem samþykkt var á fundi í Sjórnæingjahúsinu á Patreksfirði þann 25.mars s.l. :

*„ Á fundi í Sjórnæingjahúsinu á Patreksfirði í dag 25.mars 2011 var áskorun íbúa til alþingismanna Norðvesturkjördæmis afhent þar sem þeir eru hvattir til að styðja við framkomið frumvarp til laga sem heimilar veglagningu um Vestfjarðaveg nr 60 um svokallaða B-leið. Um eitt þúsund undirskriftir voru afhentar.*

Á fundinn mættu 3 af 9 þingmönnum kjördæmisins, þeir Ásbjörn Óttarsson, Einar Kristinn Guðfinnsson og Gunnar Bragi Sveinsson. Aðrir þingmenn sáu sér ekki fært að mæta.

*Fundurinn lýsir ennfremur furðu sinni yfir framkominni tillögu til þingsályktunar frá þingmönnum Reykjavíkur og Suðurkjördæmis, þeim Merði Árnasyni og Róberti Marshall um þjóðgarð frá Þorskafirði yfir í Vatnsfjörð sem lýsir fullkomnu skilningsleysi á hagsmunum íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum og einhliða skoðanir á því hvað þeim er fyrir bestu.“*

Bæjarráð Vesturbyggðar óskar þess að þeir Róbert Marshall og Mörður Árnason fundi með íbúum sunnanverðra Vestfjarða um tillöguna og komi til þess fundar akandi um það svæði sem tillagan nær yfir. Óskað er eftir því að sá fundur verði haldinn fyrir 15.maí n.k.“

Þá skal það tekið fram að Hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps er alls ekki á móti þjóðgördum og má nefna hér að sveitarfélagið styður heilshugar stofnun þjóðgarðs um Látrabjarg og er sveitarfélagið Vesturbyggð ásamt hagsmunaaðilum á því svæði í góðri samvinnu við umhverfisyfirvöld að vinna að því máli.






## Tálknafjörður

Miðtúni 1, 460 Tálknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Að lokum skal það áréttað að frumkvæði innanríkisráðherra er vinna í gangi hvað varðar málefni Vestfjarðarvegjar í Gufudaissveit, þar sem unnið er að því að finna láglandisleið á þessum kafla vegarins. Undirstrikað var af hálfu ráðherra að allir sem að því borði kæmu myndu stíga upp úr skotgröfum og sammælast um að lenda því máli farsælega. Undirrituð kallar eftir því að allir þingmenn svari þeirri áskorun ráðherrans, því umrædd þingsályktun gerir ekkert annað en að valda úlfhúð og tortryggni og setur þá vinnu í visst uppnám. Að þessu sögðu lýsir Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps sig mótfallna framkominni þingsályktunartillögu um þjóðgarð við Breiðafjörð, norðanverðan.

Virðingarfyllst,

  
Þýrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 140/568***  
***komudagur 1.12.2011***

**Efni: Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs við Breiðafjörð**

1. Umhverfisstofnun fagnar sérhverri tillögu að friðlýsingu svæðis með mikið verndargildi bæði á landsvísu og heimsvísu, og eiga þau viðmið svo sannarlega við um svæðið sem hér er gerð tillaga um. Tillögur að friðlýsingum einstakra svæða koma til með ýmsum hætti, frá einstökum þingmönnum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Óneitanlega er það þó svo að á stofnuninni hvílir sérstök ábyrgð á að vinna að friðlýsingu svæða á náttúruverndaráætlun, sem er stefnumótun alls Alþingis í friðlýsingarmálum og samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum.

2. Eins og fram kemur í annarri málsgrein greinargerðar með tillögunni er engan þjóðgarð að finna að finna á Vestfjörðum. Verndargildi þess svæðis sem nefnt er, þ.e. landið milli Þorskafjarðar og Vatnsfjarðar ásamt eyjum, hölmum, skerjum og fjörum er sannarlega mikið og gæti vel hentað sem þjóðgarður. Þess ber þó að geta strax í upphafi að á þessu ári hefur mikil vinna verið lögð í stofnun nýs þjóðgarðs, einmitt á sunnanverðum Vestfjörðum, það svæði er á náttúruverndaráætlun og þar nefnt Látrabjarg-Rauðasandur. Um er að ræða gríðarlega umfangsmikið og flókið verkefni, og svæði sem í framtíðinni gæti náð jafnvel náð yfir allan skagann vestan Kleifarheiðar og vestur á Látrabjarg. Enn er þó allt á huldu um framtíðarfjármögnun þessa verkefnis. Umhverfisstofnun hefur fengið úthlutað 20 mkr. til svokallaðrar Látrastofu, sem að líkindum verður nýtt í þróun e.k. fræðslunets á svæðinu. Að auki tók ríkisstjórn Íslands sérstaka ákvörðun sl. sumar um fjárveitingu til að ráða heilsársérfræðing á vegum stofnunarinnar, sem starfa mun á sunnanverðum Vestfjörðum. Hefur hann þegar verið ráðinn, sinni landvörslu síðari hluta sumars, einkum á Látrabjargssvæðinu, en mun hafa fasta starfsaðstöðu á Patreksfirði. Ljóst er að þetta fjármagn mun engan veginn duga til metnaðarfullrar uppbyggingar þjóðgarðs á þessu stórkostlega og yfirgripsmikla svæði.

3. Við undirbúning friðlýsinga mætir Umhverfisstofnun gjarnan þeim sjónarmiðum að stofnunin og umhverfisyfirvöld almennt ættu að hlúa betur að þeim svæðum sem þegar hafa verið friðlýst, ekki síst með því að verja mun meiri fjármunum í svæðin en hingað til hefur verið gert. Kemur það viðhorf ekki síst upp í umræðum um þjóðgarðanna, en ljóst er að í tilfelli þeirra tveggja sem heyra undir umhverfisráðuneytið eru fjárveitingar í dag langt frá þeim áætlunum sem gerðar voru fyrir stofnun þeirra, bæði hvað varðar framkvæmda- og rekstrarfé. Skeikar þar allt að þriðjungu ætlaðs kostnaðar, og ljóst að mikið vantar upp á að þær væntingar sem vaktar voru við stofnun þjóðgarðanna hafi verið mætt, bæði hvað varðar þá uppbyggingu þjónustu- og fræðsluáðstöðu sem áætluð var, sem og fjölda starfsmanna.

4. Í ljósi ofangreinds leggur Umhverfisstofnun ofuráherslu á að í meðförum þingsins á umræddri þingsályktunartillögu verði kallað eftir kostnaðargreiningu, og að ef af stofnun

Þjóðgarðs verður, verði búið að tryggja framtíðarfjármagn til framkvæmda og rekstrar Hofsjökulþjóðgarðs fyrirfram, og þá ekki á kostnað þeirra þjóðgarða sem þegar eru í rekstri eða undirbúningur þeirra þegar farinn af stað. Í stuttu máli sagt: allar hugmyndir um stofnun nýs þjóðgarðs eru óraunhæfar nema til komi fé. Þá er betur heima setið en af stað farið.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

Anna Kristín Ólafsdóttir  
sérfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 140/604  
komudagur 1.12.2011



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2011  
Tilvísun: 2011110039  
EBj/BH

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál.**

Lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga á Alþingi um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan. Gert er ráð fyrir að mörk þjóðgarðsins verði í Þorskafirði í austri og Vatnsfirði í vestri. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er nokkur umfjöllun um samgöngur á svæðinu og er horft til jarðganga á hluta þess a.m.k.

Vegagerðin vekur athygli á að um svæðið, sem hér um ræðir, fer tæplega 120 km langur stofnvegur, Vestfjarðavegur, til byggðanna á sunnanverðum Vestfjörðum. Áriðandi er að vegur þessi verði vel úr garði gerður enda eru væntingar umferðarinnar miklar um tiltölulega háan ferðahraða á svo löngum leiðum. Sérstaklega er bent á að á 55 km kafla milli Kollafjarðar og vestanverðs Kjálkafjarðar er engin byggð og því afar brýnt að tryggja öruggan og góðan veg á þeirri leið. Til fróðleiks og samanburðar skal hér nefnt að vegalengdin frá Djúpvegi í Króksfirði til Patreksfjarðar er rúmlega 198 km.

Með tilkomu nýs vegar yfir Dynjandisheiði og jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar má gera ráð fyrir að umferð aukist verulega á þeim kafla sem hér um ræðir en Vestfjarðavegur yrði þar með aðalleiðin til Vestur-Ísafjarðarsýslu og jafnvel að hluta til til Ísafjarðarsvæðisins.

Í umfjöllun ýmissa aðila um umhverfismat framkvæmda á Vestfjarðavegi frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði hefur komið fram að þeir telja æskilegt að lækka hönnunarhraða vegarins á einstaka stöðum í því skyni að draga úr áhrifum vegagerðarinnar á umhverfið. Vegagerðin hefur hins vegar haldið fram þeim vegtæknilegum rökum að ótækt sé og stórhættulegt að lækka hönnunarhraðann á stöku stað. Allar þekktar veghönnunarreglur vara eindregið við slíku og benda á mikla slyshættu sem því fylgir. Stakar krappar beygjur eða blindhæðir koma öikumönnum á óvart og valda mikilli hættu. Reynslan sýnir að þótt hönnunarhraði lækki og þar með e.t.v. leyfður hraði þá lækkar ekki umferðarhraðinn. Á langleiðum er það vilji umferðarinnar að halda góðum ferðahraða. Ekki er þess heldur að vænta að unnt verði að halda uppi öflugri löggæslu á vegarkafla þar sem 55 km eru á milli mannabyggða.

Með hliðsjón af framangreindu bendir Vegagerðin eindregið á nauðsyn þess að sett verði ákvæði í hugsanleg lög um þjóðgarð við norðanverðan Breiðafjörð um rúm skilyrði fyrir gerð Vestfjarðavegar í þjóðgarðinum og tryggt verði að unnt verði að hanna hann eftir sömu öryggissjónarmiðum og aðra aðalvegi landsins. Síðustu áratugi hefur verið unnið gífurlegt starf og eytt miklum fjármunum í að bæta vegakerfið í landinu og auka öryggi vegfarenda með því m.a. að eyða blindbeygjum og blindhæðum. Það væri mikil afturför ef stefnt yrði að því að gera stakar krappar beygjur og blindhæðir á annars nýjum og góðum Vestfjarðavegi í Gufudals- og Múlasveit.

Í greinargerð flutningsmanna þingsályktunartillögunnar er fjallað um jarðgöng sem mögulega lausn mála og væntanlega mótvægi við erfið umhverfismál, en ekki er þar rétt farið með kostnaðarsamanburð þegar fullyrt er að kostnaður við jarðgöng undir Hjallaháls yrði minni en við svokallaða B – leið um Teigsskóg. Vegagerðin vekur athygli á að kílómetraverð vegar í jarðgöngum getur verið af stærðargráðunni 10-15 sinnum hærra en við gerð hefðbundins vegar. Í ljósi afar takmarkaðra fjárveitinga til vegagerðar í tillögu að samgönguáætlun 2011 – 2022 virðist því miður ekki vera mikið svigrúm til jarðgangagerðar næsta áratuginn a.m.k. og er það mat Vegagerðarinnar að margir fjallvegir á Íslandi séu erfiðari en Hjallaháls og séu því langt á undan honum við röðun jarðgangaframkvæmda. Þetta er hins vegar einn af þeim kostum sem til skoðunar kemur við mat á valkostum í umhverfismati framkvæmda í Gufudalssveit nú í vetur.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.